

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. maí 2007 í máli nr. S-296/2007:

### Ákærvaldið

*(Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari)*

### gegn

#### A

*(Herdís Hallmarsdóttir hdl.)*

#### B

*(Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl)*

#### C

*(Björgvin Þorsteinsson hrl.)*

Ár 2007, þriðjudaginn 15. maí, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dóm húsinu við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni, Eggerti Óskarssyni og Kristjönu Jónsdóttur héraðsdómurum og dómur kveðinn upp í málinu nr. S-296/2007: Ákæru valdið gegn A, B og C, sem dómtekið var 4. sama mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Ríkissaksóknari höfðaði málið með ákæru útgefinni 2. mars 2007 á hendur A, [fæddum 1988], B, [fæddum 1988] og C, [fæddum 1989], til refsingar fyrir kynferðisbrot samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, en til vara samkvæmt 195. gr. hegningarlaganna, sbr. 3. gr. sömu breytingarlaga, með því að hafa, að kvöldi fimmtudagsins 16. febrúar 2006, í svefnherbergi íbúðar að [...], Reykjavík, með ofbeldi eða annars konar ólögmætri nauðung, sameiginlega þröngvað X, sem þá var 16 ára og ein með ákærðu í íbúðinni, til samræðis; fyrst við ákærða C, þá ákærða A og loks ákærða B.

X krefst þess að ákærðu verði dæmdir óskipt til greiðslu 2.000.000 króna miskabóta, auk vaxta samkvæmt 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verð tryggingu frá 17. febrúar 2006 til 26. apríl 2007, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu neita sök. Þeir krefjast sýknu af refsikröfu ákærvaldsins og frávísunar á nefndri bótakröfu, en ellegar vægustu refsingar sem lög leyfa og að bætur verði lækkaðar verulega frá því sem krafist er.

## I.

Í málinu er óumdeilt að X fór í heimsókn til ákærða C að kvöldi fimmtudagsins 16. febrúar 2006, þá er hann bjó í íbúð á jarðhæð fjöleignarhússins nr. [...] og að meðákærðu voru þar fyrir. Einnig er ljóst að ákærðu höfðu samræði við stúlkuna í svefnherbergi íbúðarinnar, í þeirri röð sem frá greinir í ákæru. Þá liggur fyrir að D vinkona ákærðu kom að húsinu um miðnætti og tók ákærðu A og B og X upp í bifreið sína, skutlaði stúlkunni að húsi Bræðranna Ormsson við Lágmúla 8 og ók því næst ákærðu heim, en X settist inn í bifreið til vinkonu sinnar Y og Z og ók hann stúlkunum á slysadeild LSH, þaðan sem þeim var vísað á Neyðarmóttöku (NM) sjúkrahússins.

Ákæruvaldið byggir á því að ákærðu hafi í sameiningu neytt aðstöðu- og afls munar til að þröngva X til nefnds samræðis og hagnýtt sér að hún væri ein með þeim í íbúðinni og hafi ekki átt sér undankomu auðið. Ákærðu halda því á hinn bóginn fram að stúlkan hafi sjálfviljug tekið þátt í samförum við sérhvern þeirra og án nokkurs ofbeldis eða annarrar nauðungar af þeirra hálfu.

Verður nú lýst atburðarás, eins og henni vatt fram við rannsókn málsins og skotið inn vitnisburði læknis á NM, sem og vætti X og móður hennar, Ö (II-VIII). Því næst verður gerð grein fyrir framburði ákærðu og annarra vitna fyrir dómi (IX) og loks vikið að niðurstöðum dómenda (X-XIII).

## II.

X kom á NM aðfaranótt föstudagsins 17. febrúar kl. 00:30. Rannveig Páls dóttir læknir ræddi við stúlkuna um kl. 01:30 og skráði eftir henni svohljóðandi frásögn: „Fór í kvöld í heimsókn til vinar sín. Hefur farið oft áður þangað til að horfa á vídeó og þh. Var komin um kl. 20-21, faðir keyrði hana þangað. Þegar hún kom var vinur hennar og 2 jafnaldra karlmenn þar í heimsókn. Þeir voru að drekka og hún fékk sér smá. Einn þeirra fór að kyssa hana, sem henni fannst allt í lagi, þar sem hún var svolítið hrifin af honum. Síðan bað vinur hennar, sem er húsráðandi, að koma inn í herbergi, því að hann vildi sýni eitthvað þar. Hann klæddi hana úr öllum fötum, en hún sparkaði frá sér og sagði nei, en var haldið. Hann káfaði á henni og hafði samfarir um leggöng. Síðan komu hinir 2 inn og höfðu einnig samfarir við hana. Um tíma voru tveir inni og annar hélt henni um upphandleggina. Það blæddi og sveið við þvaglát. Komst fram, þegar þeir fóru út að reykja og gat hringt í Y vinkonu sína, sem kemur með hana hingað á NM. Sögðu þó að hún ætti ekki að frá (sic) upp á spítala að lokum. Segist vera búin að gráta lengi.“

Rannveig bar fyrir dómi að hún hefði skráð ofangreinda frásögn nær orðrétt eftir X og staðfesti að stúlkan hefði notað „samfarir“ eða orð sömu merkingar í endursögn atburða. Rannveig útfyllti einnig gátlista í samræmi við svör X við stöðluðum spurningum, en þar kemur fram að káfað hafi verið á kynfærum hennar, brjóstum og rassi og að sáðlát hafi orðið í leggöng hennar. Stúlkan kvaðst ekki vita hvort höfð hefðu verið munnmök við hana. Rannveig bar að gátlisti væri útfylltur í kjölfar frásagnar sjúklings og væri liður í undirbúningi líkamsskoðunar. Við þá skoðun hefðu engir áverkar sést á líkama X, að frátaldri grunnri sprungu á mörkum innri og ytri skapabarma og við spöng, um það bil 2 sentimetrum fyrir neðan leg gangaop. Aðspurð hvort nefndir áverkar væru merki um að ofbeldis hefði verið

neytt við samfarir bar Rannveig að áverkarnir væru nokkurra klukkustunda gamlir, stöfuðu líklega af núningi og sæust oft eftir „flýtisamfarir“, þ.e. þegar kynfæri konu væru þurr. Rannveig kvað sömu áverka allt eins geta myndast við samþykktar samfarir og sagði fjölda samfara ekki skipta neinu máli í þessu sambandi.

Rannveig kvaðst hafa greint ætlaða sæðisbletti í nærbuxum og gallabuxum X og hefðu þær fyrrnefndu verið teknar til varðveislu. Hins vegar hefði ekki verið sjáanlegt blóð í fötunum. Á hinn bóginn hefði greinst gamalt tíðablóð í leggöngum og hefðu sýni verið tekin til sæðisleitar og rannsókna á kynsjúkdómum. Rannveig kvað stúlkuna ekki hafa borið nein merki um áfengis- eða aðra vímuefnaneyslu og því hefðu engin sýni verið tekin til alkóhól- eða eiturefnarannsókna. Aðspurð um ástand X að öðru leyti bar Rannveig að stúlkan hefði verið í uppnámi; leið og hefði sett að henni „eins og kuldahroll“. Þá hefði hún verið grátbólgin í kringum augu og stutt í grátinn þegar rætt hefði verið um atburði. Frásögn stúlkunnar hefði engu síður verið skýr og greinargóð.

### III.

Ö greindi dóminum frá því að líðan X hefði breyst mjög til hins verra eftir að hún hefði komið heim um nóttina, en stúlkan hefði ekki viljað ræða ástæður þessa fyrr en á mánudeginum næst á eftir, í kjölfar þess að Ö hefði séð bréf frá NM á rúmi hennar. Eftir viðræður við sálfræðing NM og ráðleggingar Barnaverndar Reykjavíkur hefði X loks fallist á að fara í könnunarviðtal í Barnahúsi, en fram til þess dags og löngu eftir hefði líðan stúlkunnar verið „skelfileg“.

Umrætt rannsóknarviðtal fór fram 24. mars 2006, undir stjórn sérfræðings í Barnahúsi. Áður en viðtalið hófst er skráð að X hafi verið hvött til að leggja fram kæru, en hún ekki ljáð máls á því. Viðtalið var tekið upp á myndband, sem dómendur hafa grannskoðað. Stúlkan greindi frá því, áminnt um sannsögli, að hún hefði farið á NM umrædda nótt, þar sem hún hefði verið skíthráedd vegna blæðinga, en þáliðið kvöld, um kl. 22, hefði hún farið heim til kunningja síns, sem heiti A, eftir að C vinur hennar hefði hringt og boðið henni að koma til þeirra og horfa á vídeó. Þar hefði hún einnig hitt B. Að sögn X hefði hún áður horft á vídeó með sömu strákum. Greint sinn hefðu þeir verið búnir að leigja spólu og hefðu þau fjögur horft á hluta bíómyndar. Piltarnir hefðu neytt áfengis, en þó ekki í miklum mæli. Þeir hefðu síðan byrjað „að vera eitthvað allt öðru vísi eða eitthvað. Svo endaði það bara þannig að við fórum inn í herbergi og ég var bara með einum þeirra og svo með hinum bara líka“. Fram kom í máli stúlkunnar að hún hefði á greindum tíma verið svolítið hrifin af C, en þau þó ekki verið kærustupar. Að fengnum þeim upplýsingum sagði spyrillinn eða spurði svo: „Og hann færir þig svona einhvern veginn með svona einhverjum herkjum þarna inn í herbergið og þú náttúrlega vissir ekkert að þetta ...“ Hér greip X fram í og sagði: „Nei, en hann gerði samt alveg minnst sko.“ Stúlkan var í beinu framhaldi spurð hvað hefði gerst inni í svefnherberginu og svaraði: „Sko það var bara þannig að [C] stóð þarna einhvern veginn geðveikt hallærislegur og ég var bara að biðja hann að hjálpa mér og hann bara gerði ekki neitt. [A] hélt mér niðri og síðan skipta þeir bara ...“ Hér greip spyrillinn fram í og nefndi nöfnin A og B og fékk „já“ við því. Fram kom að X hefði spurt C hvað væri eiginlega að honum, en hann samt ekkert gert henni til hjálpar. Var þá spurt: „Þannig að [A] og [B] hafa verið að hvetja hann líka?“ Þessu virtist stúlkan jánka og greindi frá því að C hefði ekki haldið henni niðri, bara A og B, en þeir hefðu tekið utan um fram- og upphandleggi hennar og hún „náttúrlega ekkert ráðið“.

við tvo stráka“. Í beinu framhaldi sagði spyrillinn eða spurði svo: „Er það þá rétt skilið hjá mér, af því þú ert náttúrulega búinn að segja mér að þú varst hrædd um að verða ófrísk, að þeir hafi nauðgað þér, þessir strákar og [C] líka, en hann hélt þér ekki niðri?“ Þessu játti X og var þá spurð hvort þeir hefðu meitt hana. Stúlkan kvað nei við því, en sagðist þó hafa fundið mest til í hægri upphandlegg og verið „aðeins rauð“ á eftir, en þó ekki marín. Aðspurð um eigin klæðnað kvaðst hún hafa verið íklædd gallabuxum, hlýraból og peysu. Hún var þá spurð hvernig þeir gátu nauðgað henni og svaraði því svo: „Þeir tóku mig bara úr gallabuxunum ...“ og peysunni. X var næst spurð: „Hver heldurðu að hafi fattað upp á þessu?“ og svaraði því til að hún héldi að það væri annað hvort A eða B, enda hefði hún þekkt C best og talið sig geta treyst honum. Spyrillinn benti henni þá á að þeir væru allir jafn ábyrgir, líka C af því að hann hefði ekki hjálpað henni, en að það hafi verið „klárlega [A] og [B] sem byrja“. Stúlkan var því næst spurð hvað piltarnir hefðu sagt við hana og svaraði hún því til að hún hefði grátið og öskrað og A þá skipað henni að þegja og gripið utan um munn hennar. Í framhaldi var sagt eða spurt: „Hvernig, sko ég er að velta því fyrir mér hvernig hættu þeir sem sagt að nauðga þér?“ X svaraði því svo: „Það var bara þegar þeir voru allir bara búnir.“ Spyrillinn fylgdi því eftir með að segja að þeir hefðu þá allir fengið sáðlát og nefndi X að „konan“ á NM hefði sagst hafa fundið sæði úr tveimur í leggöngum hennar og sjálf vissi hún að C hefði fellt sæði á maga hennar. Að sögn stúlkunnar hefðu piltarnir svo farið fram í eldhús og fengið sér að borða, hún þá klætt sig og hringt í Y vinkonu sína. Við svo búid hefði hún beðið smástund inni í nefndu svefnherbergi, sem hún hélt að A svæfi venjulega í, en síðan hefði hún farið niður í anddyri fjöleignarhússins og beðið komu Y og vinar hennar. Eftir að hún hefði sest inn í bílinn til þeirra hefði hún hágrátið og ekki sagt frá atburðum, en þegið „skutl upp á slysó“. Stúlkan var spurð hvort piltarnir hefðu haft samband við hana eftir nefnda atburði og svaraði því til C hefði nokkru áður hringt og skammað hana fyrir að smita þá félagar af chlamydia. Þá hefði hann hringt deginum áður, þ.e. 23. mars og spurt hverjum hún hefði sagt frá, en vinkona hennar hefði áður verið búin að hóta piltunum að þeir yrðu kærðir. X kvaðst hafa skellt á C í seinna skiptið, en hún hefði þá verið stödd heima hjá kærasta sínum, sem hún hefði tekið upp samband við í byrjun mars. Stúlkan kvaðst ekki vita hvort hún hefði smitað piltana af chlamydia og sagðist vera alveg sama ef sú væri raunin. Að viðtalinu loknu var X enn hvött til að kæra piltana og kvaðst hún vilja hugsa málið í nokkra daga.

Hinn 17. maí kærði Barnavernd Reykjavíkur málið til lögreglu að beiðni X og foreldra hennar og fór stúlkan ásamt föður sínum á lögreglustöð 26. maí til að fylgja kærinni eftir. Við skýrslugjöf föðurins kom fram að hann hefði skutlað dóttur sinni á [...] um kl. 21 að kvöldi umrædds fimmtudags, en þar hefði hún ætlað að heimsækja „Gumma“ vin sinn, sem byggi í kjallaraíbúð. Einnig var rætt við X, sem lét í té nöfn og símanúmer ákærðu A og C og lét þess getið að þeir og B hefðu allir nauðgað henni í íbúðinni, þar sem ákærði C byggi. Fram kom að stúlkan hefði verið „í einhverju sambandi við [C] eftir þetta“.

#### IV.

Ákærðu voru handteknir að morgni 30. maí og færðir í fangaklefa. Strax í kjölfar þessa komu verjendur að málinu. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði C hafa kynnst X í Kringlunni í byrjun febrúar 2006, þau skipst á símanúmerum og hist í partíu í Grafarvogi skömmu síðar. Í kjölfar þess hefðu þau farið heim til hans að [...] og átt samfarir. Umrætt kvöld hefðu hann og meðákærðu

verið heima hjá ákærða þegar stúlkan hefði komið í heimsókn ásamt tveimur vinkonum. Þau hefðu setið að spjalli í stofunni og ákærði og X byrjað að kyssast í sófa. Þau hefðu síðan farið saman inn í svefnherbergi C, lokað að sér og haldið áfram að kyssast, en því næst klætt sig úr fötum og haft samfarir. Á meðan á þeim stóð hefði A komið inn, X sagt honum að koma nær og hann byrjað að kyssa hana. Að sögn ákærða hefði hann þá hætt samförum, rétt er hann hefði verið að fá fullnægingu og farið fram í stofu, enda ekki viljað taka þátt í „threesome“ með öðrum karlmanni. Vinkonur X hefðu þá verið farnar. Um 10-15 mínútum síðar hefði A komið fram í stofu og sagt við B að hann ætti að fara inn til X. Það hefði B gert, en á meðan hefðu ákærði og A skroppið í verslun 10-11 í Lágmúlanum. Þegar þeir hefðu komið til baka hefðu B og X verið inni í stofu, fullklædd og hefði hópurinn tekið spjall saman. Ákærði kvaðst halda að stúlkan hefði síðan farið frá heimili hans um miðnætti, en ekki myndi hann hvernig. Aðspurður um meðferð áfengis kvaðst ákærði hafa drukkið úr einni stórri bjórdós fyrir samfarir hans og X, en hún hefði drukkið bæði landa og bjór og sagst gera það til að þora að gera eitthvað með honum. Fram kom í máli ákærða að hann og meðákærðu hefðu nokkru síðar greinst með chlamydia, en í kjölfar þess hefði ákærði hringt í X og greint henni frá því að hún væri líklega einnig smituð. Að sögn ákærða hefði stúlkan haft á orði að hún vissi það og hefði ekki talið ástæðu til að láta ákærðu vita af þessu.

Ákærði A kvaðst þekkja X lítillega og staðfesti að hún hefði heimsótt með ákærða C á [...], jafnvel í febrúar, á meðan hann og meðákærði B hefðu verið þar staddir. Ákærða minnti að vinkona stúlkunnar hefði verið með í för. Hann sagðist ekki muna hvert tilefni heimsóknarinnar hefði verið og hvorki muna hvenær stúlkan hefði farið né hvernig. Fram kom að ákærði hefði ekki bragðað áfengi eða neytt annarra vímugjafa umrætt sinn. Ákærði greindi frá því að hann og C hefðu farið inn í svefnherbergi ásamt X og þau lagst upp í rúm. C og stúlkan hefðu byrjað að kyssast, því næst klætt hvort annað úr fötum, en stúlkan þó verið í bol þegar C hefði lagst ofan á hana og hafið samfarir í rúminu. Þegar þau hefðu hætt hefði C farið fram og A og stúlkan byrjað að kyssast. Í framhaldi hefði hún hjálpað ákærða að afklæðast, því næst sest ofan á hann og hafið samfarir, sem lokið hefði með sáðláti í leggöng. Við svo búið hefði ákærði klætt sig og farið fram. Ákærða var hér kynnt að yfirheyrandi fyndist frásögn hans ótrúverðug og spurði hvort ákærði þjáðist af minnisleysi. Ákærði sagði að það væri rétt, tók fram að hann væri gleyminn og bætti því við að ekkert óvenjulegt hefði gerst, sem væri honum sérstaklega minnisstætt. Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna hvort B hefði einnig haft samræði við X greint sinn, en B hefði sagt svo vera.

Ákærði B skýrði frá því að hann og meðákærðu hefðu allir haft samfarir við X á heimili C umrætt kvöld, en sagði þær hafa verið að vilja stúlkunnar. Hann greindi frá því að C hefði hringt í X og boðið henni í heimsókn, hún komið milli kl. 20 og 21 og þau sest að spjalli. Ákærðu hefðu þá verið búnir að drekka lítilsháttar af áfengi, en ekki verið ölvaðir. Um hálfri klukkustund síðar hefðu C og X horfið saman til svefnherbergis, A farið á eftir þeim stuttu eftir og C komið fram skömmu síðar. Hann hefði haft á orði að „hún væri uppi á honum“ og ákærði skilið það svo að A og X væru í samförum inni í svefnherberginu. Að sögn ákærða hefði hann kíkt inn í herbergið og séð stúlkuna ofan á A í samförum. Við svo búið hefði ákærði gengið fram í stofu á nýjan leik. Þegar A hefði komið fram hefði hann hvatt ákærða til að fara inn til X. Þar hefði stúlkan setið á rúmi, íklædd nærbuxum og bol og verið að klæða sig í buxur. Ákærði hefði sest við hlið hennar, rætt lítillega við hana,

Því næst faðmað hana og kysst, en þannig hefði eitt leitt af öðru þar til þau hefðu klætt hvort annað úr fötum, þó ekki brjóstahaldara stúlkunnar, hún því næst tottað lim hans, þá sest ofan á reistan liminn og viðhaft samfarahreyfingar uns ákærði hefði fellt til hennar sæði. Fram kom í máli ákærða að bankað hefði verið á dyrnar á meðan þau hefðu verið í miðjum klíðum og hefði hann heyrt C segja að meðákærðu ætluðu að skreppa út í búð. Ákærði gat þess að hann hefði verið búinn að læsa dyrunum, en ekki var hann inntur eftir því hvenær hann hefði gert svo. Að loknum samförum hefðu hann og X klætt sig og farið niður í anddyri fjöleignarhússins til að reykja. Meðákærðu hefðu komið til baka skömmu síðar, piltarnir þá fengið sér í gogginn og stúlkan tilkynnt þeim að hún væri á föstu. Að loknum snæðingi hefði D sótt ákærða og A og ekið þeim heim, en áður hefði hún skutlað X að Bræðrunum Ormsson, þar sem stúlkan hefði sest inn í aðra bifreið.

Ákærði C heimilaði sama dag húsleit að [...]. Liggur fyrir í málinu fjöldi ljós mynda, sem teknar voru við sama tækifæri. Athygli vekur að ekkert sjónvarp eða vídeótæki er sjáanlegt í vistarverunum, en á skrifborði í suðaustur horni stofu er borðtölva og í hinum enda stofunnar (norðvestur horni) er sjösæta hornsófi.

V.

X gaf skýrslu fyrir dómi 12. júní, sem tekin var af rannsóknarlögreglumanni, undir stjórn héraðsdómara og tekin upp á mynddisk, sem dómendur hafa grann skoðað. Í kjölfar almennra spurninga um fjölskylduhagi, skólann og annað í þeim dúr, hófst eiginleg skýrslugjöf, en áður var gætt reglna um vitnaábyrgð. Áminnt um sannsögli greindi stúlkan frá því að foreldrar hennar hefðu sent hana í dómhúsið, af því að þeir væru að kæra nauðgun. Hún kvaðst hafa kynnst ákærðu í Kringlunni einhvern tíma í janúar 2006 og í kjölfarið farið með þeim að djamma í partíi í Grafarholti. Aðspurð hvort stúlkan hefði átt „kynferðisleg samskipti“ við einhvern ákærðu fyrir 16. febrúar kvaðst hún einu sinni hafa átt slíkt samneyti við ákærða A og „verið svona í djóki“ með ákærða C, „bara svona kyssa á kinn bara“. Henni var því kynntur framburður C um að þau hefðu farið heim til hans eftir umrætt partí og haft samfarir. Í framhaldi kvað stúlkan rétt að hún hefði gist heima hjá honum þá nótt og sofið með honum í rúmi, en hún héldi að þau hefðu ekki haft samfarir. Stúlkan tók þó fram að hún hefði verið „blindfull“ og því væri hún ekki viss í sinni sök.

Viðvíkjandi atburði 16. febrúar greindi X frá því að hún hefði umrætt kvöld farið í heimsókn til C að [...] til að horfa á vídeó með honum og meðákærðu, en C hefði hringt og boðið henni að koma. Á meðan hefðu þau setið í stofunni og neytt áfengis og hún drukkið nokkra sopa, án þess að finna beint á sér. Fram kom í máli stúlkunnar að hún hefði fyrir þann tíma farið „geðveikt oft“ til ákærðu á [...] og „verið bara eitthvað að svona djamma innan sviga þar“, stundum með vinkonum sínum, en þó ekki í þetta skipti. X var spurð hvað hefði gerst í stofunni og svaraði því til að ákærði B hefði beðið hana að tala við hann og þau farið tvö saman inn í svefnherbergi. C hefði síðan fylgt á eftir og þá hefði „þetta“ gerst. Stúlkan var beðin um að lýsa því nánar og bar að ákærðu hefðu byrjað að gantast með það hvort hún vildi ríða og hefði hún svarað því neitandi. Þeir hefðu þó haldið uppteknum hætti, tekið utan um hana og verið með fíflalæti, en síðan byrjað að ganga lengra. Í sömu andrá hefði A komið inn í herbergið og stúlkan haldið að hann myndi hjálpa henni. Þess í stað hefðu ákærðu, einn eða fleiri, klætt hana úr gallabuxum, g-streng og peysu, en látið bol hennar og brjóstahaldara í friði.

Aðspurð hvort hún hefði streist á móti bar stúlkan að hún hefði bara eitthvað reynt að draga gallabuxurnar aftur upp um sig og hugsað með sjálfri sér að þetta væri að ganga of langt. Hún hefði samt ekki grátið eða neitt þannig og jafnvel verið hlæjandi, en þó ekki verið grín í huga og sagt „nei“, en þá hefðu ákærðu farið að hlæja.

Er hér var komið frásögn stúlkunnar spurði viðmælandinn hvort hann skildi hana ekki rétt að einungis tveir ákærðu hefðu verið með henni í herberginu á þessum tímamarki og spurði því næst hverjir tveir það hefðu verið. Stúlkan nefndi þá C og B. Hún var í beinu framhaldi spurð um atburðarás eftir að „þeir“ hefðu klætt hana úr fötunum og svaraði því til að C hefði byrjað „bara að gera sitt“, þ.e. að leggjast ofan á hana, þar sem hún lá á bakinu í rúminu og hafa samræði við hana, en á meðan hefði B tekið um upphandleggi hennar og haldið henni niðri. Af frásögn stúlkunnar má ráða að hún eigi að hafa spurt C hvað hann væri að gera og reynt að ýta í hann, en hún sagðist ekki muna þetta vel. Var þá spurt: „Já, kannski mótmæltir þú honum?“ og játti stúlkan því. Hún kvað C hafa fellt sæði í leggöng hennar og þegar hann hefði verið búinn að ljúka sér af og á leið út úr herberginu hefði B tekið við og haft samræði við hana í sömu stellingu, en á meðan hefði A komið inn í herbergið og hún þá haldið að hann myndi hjálpa henni. X breytti þeirri frásögn skömmu síðar og sagði A hafa komið inn skömmu áður en C hefði fengið fullnægingu. A hefði horft á, lagst upp í rúmið á meðan B hefði verið að gera sitt og verið „eitthvað nokkrum sinnum utan í“ henni áður en B hefði fellt til hennar sæði í leggöng. Í framhaldi hefði B sagt við A „þú ert næstur“, því næst gengið á dyr, A þá haft samræði við hana í fyrri stellingu og fellt til hennar sæði í leggöng. Stúlkan kvaðst vita um síðastgreint atriði því að „konan“ á slysideild væri með DNA sýni úr öllum ákærðu. Aðspurð hvort ákærðu hefðu gert eitthvað annað kynferðislegt við hana nefndi hún einungis að A og B hefðu gert sér að leik að kyssa hana. Hún kvaðst einnig hafa sagt eitthvað við þá, en ekki muna hvað. Hún kvað einungis B hafa haldið henni.

Aðspurð kvaðst X ekkert hafa grátið á meðan ákærðu hefðu haft við hana samræði, sem hefði verið að óvilja hennar, en þegar þeir hefðu allir verið farnir fram úr herberginu hefði hún brostið í grát og orðið hrædd, þar sem svo mikið hefði blætt frá kynfærum hennar. Hún kvaðst hafa klætt sig í gallabuxurnar, en ekki fundið g-strenginn fyrr en eftir á og þá stungið honum í vasa sinn. Því næst hefði hún hringt í Y vinkonu sína og beðið hana að skutla sér upp á spítala. Fram kom í máli stúlkunnar að þegar hún hefði farið fram hefði A verið í eldhúsinu, en C og B í anddyri fjöleignarhússins að reykja. Stúlkan bar fyrst að Y og Z vinur hennar hefðu sótt hana að húsinu, en breytti því svo og sagði „strákana“ hafa skutlað henni á eitthvert bílastæði, en verið pirraðir út af grátstaf hennar. Þar hefði hún sest grátandi inn í bíl til Y og Z, ekkert sagt frá afdrifum sínum, en beðið þau um skutl upp á spítala. Stúlkan kvaðst ekki hafa hitt ákærðu eftir greinda atburði, nema þá fyrir tilviljun og án þess að ræða við þá.

## VI.

Í málinu liggur fyrir skýrsla tæknideildar lögreglu 19. júní 2006, þar sem gerð er grein fyrir skoðun og rannsókn á g-streng X og lífsýnum, sem tekin voru á NM aðfaranótt 17. febrúar. Af skýrslunni má ráða að sáðfrumur hafi greinst í öllum sýnum frá kynfærum stúlkunnar og að blettir í nærbuxunum hafi einnig gefið jákvæða svörun við sæðisprófun. Ekki er getið um blóð í nærbuxunum og

samrýmist það framlögðum ljósmyndum. Þá er þess hvergi getið í skýrslunni, eða öðrum rannsóknargögnum málsins, að greint hafi verið á milli sáðfruma tveggja eða fleiri einstaklinga, en fyrrnefnd sýni voru í skýrslunni talin hæf til DNA kennslagreiningar og látið þar við sitja.

## VII.

Ákærði C var yfirheyrður öðru sinni 14. september. Hann hélt fast við fyrri framburð þrátt fyrir að honum væri kynntur ósamrýmanlegur vitnisburður X frá 12. júní og áréttaði að stúlkan hefði verið viljug til samfara við hann.

Ákærði B var yfirheyrður á ný 18. september. Hann hélt fast við fyrri framburð þrátt fyrir að honum væri kynntur ósamrýmanlegur vitnisburður X frá 12. júní og mótmælti því sérstaklega að hann hefði nokkru sinni þvingað stúlkuna með því að halda um hendur hennar.

Ákærði A var yfirheyrður á ný 19. september. Hann hélt fast við fyrri framburð, en gat þess þó í óspurðum fréttum að meðákærði C og X hefðu farið saman inn í umrætt svefnherbergi og hann fylgt í humátt á eftir, en þá hefðu þau verið í samförum. C hefði hætt er ákærði kom inn og farið fram. Þá kom fram í máli ákærða að hann og X hefðu átt samfarir fyrir hina kærðu atburði. Ákærða var kynntur ósamrýmanlegur vitnisburður X frá 12. júní og mótmælti honum sem röngum, líkt og meðákærðu höfðu áður gert.

Y og Z gáfu skýrslu vitnis 20. september. Z kom ekki fyrir dóm vegna málsins og verður því ekki vikið að vitnisburði hans að öðru leyti en því að hann kvaðst ekki hafa tekið eftir neinu sérstöku í fari X eftir að hún hefði sest inn í bifreið hans fyrir utan verslun 10-11 í Lág múla, en búðin stendur andspænis Bræðrunum Ormsson. Y bar að hún og Z hefðu tekið X upp í bifreiðina við Ormsson húsið og þær sest saman í aftursæti. X hefði verið hálfgrátandi, hniprað sig saman og sagt að það væri byrjað að blæða. Að sögn Y hefði hún spurt X hvort henni hefði verið nauðgað, X þá grátið enn meira og Y tekið það sem jáyrði við spurningunni. Hún hefði því spurt X hvort hún vildi ekki fara upp á spítala og Z því næst ekið þeim þangað. Y bar að þegar hún hefði svo rætt við X nokkrum dögum síðar hefði X greint frá því að henni hefði verið „nauðgað af dátunum“, sem væri hópur þriggja eða fjögurra stráka.

## VIII.

Að kröfu Ríkissaksóknara var tekin önnur dómskýrsla af X 20. nóvember. Brýnd á vitnaskyldu, áminnt um sannsögli og eftir að hafa sjálf getið þess að nú væri lengra um liðið og því myndi hún ekki lengur öll smáatriði, var stúlkan spurð „hvað gerdist þarna?“, nánar tiltekið frá þeim tíma er hún hefði farið inn í margumrætt svefnherbergi. Því svaraði stúlkan svo: „Það var bara eitthvað fyrst, ég veit ekkert hvernig ég á, bara, ég man bara ég var liggjandi uppi í rúmi og þeir voru eitthvað, ég man eftir því, þeir voru búnir, þetta var sko líka búíð að vera áður, en þú veist, en samt ekki neitt gert, þeir voru samt búnir að gefa svona til skynja (sic) að þeir vilji eitthvað“. Stúlkan var þá spurð hvar ákærðu hefðu verið þegar þeir hefðu gefið „þetta í skyn“ og svaraði hún því til að vinkona hennar hefði áður verið búin að segja henni frá áhuga piltanna, að því er ráða verður af frásögn X. Hún hefði síðan verið að horfa á DVD mynddisk með ákærðu umrætt kvöld, hún og

ákærðu verið „að drekka og fór svo inn í herbergi og þetta gerðist“. Aðspurð af hverju hún hefði farið inn í herbergi greindi stúlkan frá því að hún myndi ekki hvenær ákærðu hefðu komið þangað inn. Í framhaldi var hún spurð: „Förstu ein eða hver, fór [C] með þér?“ Því svaraði hún svo: „Já mig minnir að hann hafi farið með. Og síðan [A] hafi komið og síðan [B], ég man ekki hvort að þeir hafi komið saman eða ekki.“ Þá sagði viðmælandinn eða spurði svo: „[A] eða [B] og þú ferð með [C] inn í herbergið og?“ Þessu svaraði stúlkan með því að segja: „Ef að það gerðist, það gerðist hratt“. Að svo komnu máli var stúlkan enn beðin að greina frá því hvað hefði gerst í herberginu. Í framhaldi svaraði hún: „Bara, ég get líka heldur eiginlega ekki gert það, því að þú veist alltaf ef að ég hugsa um það, alltaf ég fæ, ég greinilega, þá er ég svona byrja að hugsa hvað af þessu hafi gerst, hvað ekki ... það svona“. Í framhaldi nefndi stúlkan ákærðu í sömu röð og þeir hafa ávallt haldið fast við og sagði C hafa riðið henni fyrst, A hafa komið inn í herbergið á meðan, C samt haldið áfram og áfram, A tekið við og riðið henni í beinu framhaldi og B tekið við af honum. Þeir hefðu líka allir reynt að kyssa hana. Í kjölfar þessa var borið undir X ósamræmi í fyrri framburði hennar og hún krafín skýringa, en svaraði því til: „Heldur þú að það hafi ekki þurft að halda mér?“ Einnig kom fram í máli stúlkunnar að á einhverjum tímamarki hefðu allir ákærðu verið saman í herberginu með henni. Þá kvaðst hún nú vera viss um að C hefði riðið henni fyrst, svo A og loks B og gat þess að annað hvort hefði A eða B haldið henni niðri á meðan, líklega sá fyrrnefndi. B hefði þá staðið við hlið rúmsins á sama tíma. Hún kvað engan þeirra hafa gripið fyrir munn hennar. Aðspurð hvort ákærðu hefðu sagt eitthvað við hana á meðan þeir hefðu verið að ríða henni, svaraði hún „nei“, en þegar þeir hefðu verið búnir að ljúka sér af hefði einhver þeirra sagt henni „að hætta að grenja“. Hún kvaðst hvorki hafa klætt sig úr fötum né aðstoðað nokkurn ákærðu við slíkt hið sama. Aðspurð um fatnað sinn greindi X frá því að gallabuxurnar hefðu verið alblóðugar þegar hún hefði klætt sig í þær, en nærbuxunum hefði hún stungið í vasa sinn og klætt sig í þær á spítalanum. Stúlkan mótmælti þeim framburði ákærðu A og B að hún hefði setið ofan á þeim í samförum og að hún hefði tottað þann síðarnefnda. Aðspurð hvort ákærðu hefðu allir fellt sæði til hennar áréttaði hún að á NM hefðu fundist og verið greind þrjú mismunandi sæðissýni. Þegar X var spurð að því, í lok skýrslugjafarinnar, hver hún héldi að skýringin væri á götóttu minni, sem hún hefði sjálf borið um, kvað hún skýringuna geta falist í áfengisneyslu sinni umrætt kvöld eða slæmu minni.

## IX.

Fyrir dómi greindi ákærði C frá kynnum sínum og X á sama veg og hjá lögreglu og bætti því við að hann hefði jafnvel litið á stúlkuna sem tilvonandi kærustu þegar hún hefði komið í heimsókn til hans og meðákærðu að kvöldi 16. febrúar. Hann kvaðst minna að vinkonur stúlkunnar hefðu komið með henni, en sagði að hann gæti verið að rugla þessu saman við fyrri heimsóknir. Ákærði staðfesti fyrri frásögn um áfengisneyslu sína og X og gat þess að þau hefðu verið að kyssast og kela í sófanum frammi í stofu, því næst farið saman inn í svefnherbergi í þeim tilgangi að hafa samfarir og lokað að sér. Þar hefðu þau klætt sig úr, veitt hvort öðru munngælur og hann því næst hafið samfarir ofan á henni í rúminu. Meðan á þeim stóð hefði meðákærði A birst í svefnherberginu og X sagt honum að koma til þeirra. Að sögn ákærða hefði honum verið misboðið í þeirri stöðu, hann því hætt samförum við stúlkuna og farið fram úr herberginu. Hann kvaðst því ekki hafa séð hvað gerðist í samskiptum A og X, en þó vissi hann að hún hefði gengið sjálfviljug til samfara við félagu hans. A hefði síðan kom fram um 10 mínútum

síðar og meðákærði B farið inn til stúlkunnar, en í kjölfar þess hefðu ákærði og A skroppið í 10-11 í Lágmulanum. Er þeir komu til baka hefði hópurinn sest að spjalli í stofunni uns D hefði komið og sótt féлага hans og X. Ákærði kvað stúlkuna aldrei hafa fellt tár á meðan hún hefði verið heima hjá honum og gat þess að hún hefði heimsótt hann helgina á eftir og hefði þá farið vel á með þeim.

Ákærði A greindi frá því að hann hefði verið með meðákærða C í Kringlunni þegar þeir hefðu kynnst X og skipst á símanúmerum. Hann hefði síðan hitt stúlkuna í nokkrum partíum, meðal annars heima hjá C og haft samfarir við hana þar. C hefði örugglega vitað af þeim samdrætti, en ákærði gat þess að C hefði verið svolítið hrifinn af stúlkunni. Ákærði greindi frá heimsókn X að kvöldi 16. febrúar á þann veg að C hefði hringt í hana og boðið henni að kíkja til þeirra. Þar hefðu þau setið fjögur saman í stofunni og verið að spjalla og fiflast. Í framhaldi hefðu C og X farið saman inn í svefnherbergi og lokað á eftir sér. Ákærða hefði grunað að þau væru í samförum og því hefði hann kíkt inn til þeirra, allt að 10 mínútum síðar og séð C ofan á stúlkunni. Hún hefði beðið ákærða að koma til þeirra og C þá hætt samförum og farið fram. Að sögn ákærða hefði löngun til samfara kviknað við nefnd ummæli X. Þau hefðu síðan byrjað að kyssast og hún hjálpað honum að afklæðast, en sjálf hefði hún aðeins verið íklædd bol. Stúlkun hefði í framhaldi sest ofan á hann og sjálfviljug hafið samfarir, sem lokið hefði er hann felldi til hennar sæði. Ákærði taldi að hann hefði verið í 5-10 mínútur með stúlkunni, áður en hann hefði klætt sig og farið fram. Meðákærðu hefðu þá verið í stofunni og kvaðst ákærða minna að hann hefði sagt ákærða B að fara inn í svefnherbergið, sem hann hefði að öllum líkindum gert. Sjálfur kvaðst ákærði hafa skroppið í 10-11 ásamt C og þeir snúið til baka allt að 20 mínútum síðar. B hefði þá setið inni í stofu með X. Ákærði staðhæfði að stúlkun hefði aldrei fellt tár heima hjá C og sagði ekkert þeirra fjögurra hafa rætt atburði kvöldsins frá þeim tíma er síðan leið og þar til D hefði komið að sækja hann og B og hún skutlað stúlkunni að húsi Bræðranna Ormsson. Í lok skýrslugjafar var borin undir ákærða sú lýsing hans hjá lögreglu að hann og C hefðu farið inn í svefnherbergið með X og hann krafinn skýringa á misræminu. Hann kvaðst ekki hafa munað þetta atriði réttilega hjá lögreglu og áréttaði að minni hans væri ekki gott, en eftir að hafa rætt málið við meðákærðu hefði rétt röð atburða rifjast upp fyrir honum.

Ákærði B greindi frá því að hann hefði hitt X einu sinni í Kringlunni, en hefði ekki kynnst henni að öðru leyti fyrr en hún hefði komið í heimsókn til meðákærða C að kvöldi 16. febrúar, í boði C. Þar hefðu ákærðu og stúlkun horft á vídeó „eða eitthvað“. Ákærði staðfesti fyrri frásögn um áfengisneyslu sína og meðákærðu og sagði X ekki hafa verið ölvaða, en þó gæti hún hafa bragðað áfengi með þeim um kvöldið. Hann skýrði frá því að C hefði farið inn í svefnherbergi með stúlkunni og verið þar einn með henni í allt að 10-15 mínútur, en svo hefði meðákærði A farið inn til þeirra og C komið fram örskömmu síðar. Ákærði kvaðst ekki muna hve lengi A hefði verið einn með stúlkunni, en giskaði á allt að 10 mínútur og tók fram að hann hefði í eitt skipti kíkt inn til þeirra og þá séð stúlkuna í samförum ofan á A. A hefði síðan komið fram og sagt ákærða að fara inn til hennar. Að sögn ákærða hefði hann hlýtt þessu og farið inn í svefnherbergið, viljugur til samfara við stúlkuna. Hún hefði þá setið á rúminu, íklædd bol og verið að klæða sig í innri og ytri buxur. Ákærði staðfesti fyrri frásögn af því hvernig þau hefðu byrjað að kyssast á rúminu, X veitt honum munngælur og því næst sest ofan á hann og hafið samfarir, sjálfviljug. Hann gat þess að meðan á þeim stóð hefði A bankað á dyrnar, sem ákærði hefði verið búin að læsa og A tilkynnt að hann og C ætluðu að skreppa út í

búð. Ákærði taldi að hann hefði verið inni í herberginu með X í 10-15 mínútur og samförum þeirra lokið með því að hann felldi til hennar sæði. Þau hefðu síðan klætt sig og fengið sér sigarettu í anddyri fjöleignarhússins. Þegar meðákærðu hefðu komið til baka hefðu þau fengið sér í gogginn, en að því loknu hefði verið hringt í D, hún skutlað X að Bræðrunum Ormsson og því næst ekið ákærða og A til síns heima. Ákærði sagði X aldrei hafa grátið meðan á heimsókninni stóð og sagðist ekki hafa skynjað að henni væri á nokkurn hátt brugðið eða að hún hefði ekki verið fús til samfara. Hann mótmælti því og að hafa haldið stúlkunni niðri á einhverjum tímamarki og sagði rangt að ákærðu hefðu haft með sér einhvers konar samráð um raðsamfarir við hana.

D staðfesti fyrir dómi að hún hefði ekið ákærðu A og B heim eftir að hafa skutlað X að húsi Bræðranna Ormsson. Hún kvaðst ekki þekkja stúlkuna, en hefði hitt hana einu sinni áður, líklegast í partíi heima hjá ákærða C. D bar að hún hefði ekki tekið eftir neinu sérstöku í fari stúlkunnar og ekki orðið vör við að hún gréti í bílnum.

Y staðfesti að X hefði sest inn í bifreið til hennar og Z fyrir utan Bræðurna Ormsson. X hefði verið í uppnámi og leið og hún virst vera búin að gráta. Hún hefði þó ekkert sagt frá því hvað hefði gerst. Y hefði því spurt hvort henni hefði verið nauðgað og stúlkan svarað því játandi. Í framhaldi hefðu þær farið saman á NM. Þar hefðu þær beðið drjúga stund eftir lækni og X rætt um að fara, enda verið óviss, því allt hefði gerst svo hratt. Að sögn Y hefði hún þó náð að tala vinkonu sína ofan af þeirri hugmynd. Aðspurð kvaðst Y ekki hafa séð X gráta í bifreið Z, en stúlkan hefði verið niðurlút og Y heyrt hana snökkt. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir því að stúlkan hefði klætt sig í nærbuxur á NM.

Auk áðurnefndra vitna kom fyrir dóm Æ sálfræðingur á vegum Barnahúss, en hún hefur haft X í viðtalsmeðferð frá því í september 2006. Er ekki efni til að rekja vitnisburð hennar að svo stöddu.

X.

Samkvæmt 1. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skulu röksemdir dómenda lúta að því hvað teljist sannað og með hverjum hætti. Um sönnun fer annars eftir reglum 45.-48. gr. laganna. Í því sambandi ber að meta skynsamlegan vafa til hagsbóta fyrir ákærðu, bæði um atriði er varða sekt þeirra og önnur, sem telja má þeim í óhag. Sönnunarbyrði hvílir á ákæruvaldinu, sbr. 45. gr., en sönnunarmat er frjálst, þó þannig að dómur skal fyrst og fremst reistur á sönnunargögnum, sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr.

Í máli því, sem hér er til meðferðar, veltur niðurstaða á því hvort ákæruvaldinu hafi tekist að sanna, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærðu hafi að kvöldi 16. febrúar 2006 með ofbeldi eða hótun um beitingu ofbeldis þröngvað X til samræðis í skilningi 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og lagagreinin þá hljóðaði með áorðnum breytingum, en til slíks ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Refsing fyrir slíkt brot varðar allt að 16 ára fangelsi. Telji dómendur slíka sök ósannaða krefst ákæruvaldið sakfellingar samkvæmt 195. gr. hegningarlaganna, sbr. 3. gr. laga nr. 40/1992, en refska skal þeim manni með allt að 6 ára fangelsi „, sem með annars konar ólögmati

nauðung þröngvar manni til samræðis...“. Af athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til téðrar lagagreinar er einsætt að 195. gr. á einkum að taka til nauðungar á borð við hótun geranda um frelsissviptingu, ofbeldi eða sakburð um vansæmandi eða refsiverða háttsemi þolanda, en einnig er nefnt í dæmaskyni hótanir yfirboðara eða samstarfsmanns á vinnustað um uppsögn, óhagstæð starfskjör eða annað óhagræði í garð þolanda.

Háttsemi ákærðu ber að meta í framangreindu ljósi og ekki öðru.

XI.

Verknaðarlýsing ákæru er um margt óljós. Þannig er ekki gerð tilraun til að lýsa í hverju ætlað ofbeldi var fólgið eða hvernig ákærðu eigi með öðrum hætti að hafa beitt ólögðatri nauðung til að ná fram vilja sínum gagnvart X. Þá er þeim gefinn samverknaður að sök, án þess að reynt sé að skýra það nánar.

XII.

Rannsókn málsins hófst á NM aðfaranótt 17. febrúar. Rannveig Pálsdóttir lækni skráði fyrstu frásögn X af atburðum. Stúlkan vildi ekki greina frá nöfnum þeirra karlmanna, sem áttu að hafa brotið gegn henni og eigi kom fram með skýrum hætti hver þeirra hefði farið fyrstur með henni inn í svefnherbergið á heimili ákærða C. Þó er ljóst að sá maður eigi að hafa klætt hana úr fötum, hún sparkað frá sér, en sá hinn sami haldið henni og náð fram vilja sínum. Í kjölfar þess hefðu hinir tveir komið inn í herbergið og haft samfarir við hana. Í nefndri skýrslu og öðrum gögnum frá NM sér þess ekki beinan stað að stúlkan hafi borið að henni hefði verið nauðgað og fyrir dómi bar Rannveig að engin merki hefðu fundist á líkama stúlkunnar eða fatnaði, sem bentu til þess að svo hefði verið. Hins vegar gæfu grunnar sprungur við kynfæri stúlkunnar til kynna að hún hefði verið þátttakandi í „flýttisamförum“, en þeir áverkar gætu stofnast af margvíslegum ástæðum. Þá er því lýst að stúlkan hafi verið miður sín, eins og nánar er rakið í II. kafla. Hvorki verður ráðið af gögnum NM, vitnisburði Rannveigar né skýrslu tæknideildar lögreglu að blætt hafi frá kynfærum stúlkunnar og að gallabuxur hennar hafi verið blóðugar. Vitnisburður hennar um hið gagnstæða hefur því ekki stoð í gögnum málsins.

X gaf næst skýrslu í Barnahúsi 24. mars 2006. Er sú skýrsla meðal rannsóknar gagna málsins og eru henni gerð ítarleg skil í III. kafla. Stúlkan greindi frá því að hún hefði umrætt sinn farið heim til ákærða A, en af einhverjum ástæðum skýrði hún svo frá að hann byggi að [...]. Þar hefði hún hitt meðákærðu C og B og verið „bara með einum þeirra og svo með hinum bara líka“, án þess að nefna orðið „nauðgun“ eða annars konar þvingun. Í framhaldi staðfesti stúlkan að hún hefði verið hrifin af C. Þegar að fengnum þeim upplýsingum sagði viðmælandi eða spurði: „Og hann færir þig svona einhvern veginn með svona einhverjum herkjum þarna inn í herbergið og þú náttúrlega vissir ekkert að þetta ...“. Dómurinn telur að með þeim orðum hafi spyrillinn haft áhrif á frásögn X í viðtalinu og hélt því áfram með því að leggja stúlkunni meðal annars þau orð í munn að A og B hefðu klætt hana úr fötum, skipst á að halda henni niðri og hafa samræði við hana. Á meðan hefði C staðið hjá, ekkert aðhafst henni til hjálpar og hann einnig haft samræði við hana, til þess hvattur af meðákærðu. Í kjölfar þessa spurði viðmælandi hvort ekki væri rétt skilið „að þeir hafi nauðgað þér, þessir strákar og [C] líka, en hann hélt þér ekki niðri“. Þegar stúlkan hafði samsinnt þessu, sem og því að A og B hefðu líklega

„fattað upp á þessu“, benti spyrillinn á að ákærðu væru allir jafn ábyrgir, þrátt fyrir að það hafi verið „klárlega [A] og [B] sem byrja“. Í kjölfar alls þessa kom fram í máli stúlunnar að hún hefði grátið og öskrað, A þá skipað henni að þegja og gripið utan um munn hennar. Stúlkan var því næst spurð hvernig ákærðu hefðu hætt að nauðga henni og svaraði: „Það var bara þegar þeir voru allir bara búnir.“ Síðar í sömu skýrslu kom fram að X hefði hágrátið í bifreiðinni hjá Y vinkonu sinni og Z vini hennar, hún þó ekki sagt frá atburðum, en þegið „skutl upp á slysó“, enda verið skíthrædd vegna mikilla blæðinga frá kynfærum.

Það er álit dómsins að skoða verði og meta vitnisburð X í ljósi framangreinda annmarka við skýrslutökuna í Barnahúsi, en einsætt er að stúlkan hafi verið leidd áfram við skýrslugjöf sína og ekki fengið ráðrúm til að skýra frá mikilvægum stað reyndum málsins í sjálfstæðri frásögn. Þannig bar stúlkan að hún hefði beðið C að hjálpa henni, þegar A og B voru í sameiningu að koma fram vilja sínum, en sú frásögn samrýmist engan veginn vitnisburði hennar fyrir dómi 12. júní um að hún og B hafi farið alein inn í svefnherbergið, C fylgt á eftir, þeir byrjað að koma fram við hana á óviðeigandi hátt og A komið inn, án þess að rétta henni hjálparhönd. Í kjölfar þessa hefði C haft við hana samræði, B haldið henni niðri á meðan, hann því næst fylgt fordæmi C og að því loknu skorað á A, sem hefði gert slíkt hið sama. Þá kom fram í sömu dómskýrslu að X hefði ekki grátið á meðan ákærðu höfðu samræði við hana.

X gaf sína fjórðu skýrslu um málsatvik 20. nóvember, svo sem frá er greint í VIII. kafla. Hún skýrði svo frá, leidd áfram af spyrli, að hana minnti að hún hefði farið alein með C inn í svefnherbergið, hann komið fram vilja sínum, því næst A og loks B. Af frásögn hennar verður vart annað ráðið en að ákærðu hafi allir verið í herberginu á sama tíma og að einhver þeirra hafi sagt henni „að hætta að grenja“. Hún kvað þó engan hafa gripið fyrir munn hennar og bar sem fyrr að gallabuxur hennar hefðu orðið alblóðugur þegar hún hefði klætt sig. Þá kom fram að þegar hún hugsaði um þessa atburði þá snerist það um „hvað af þessu hafi gerst, hvað ekki ...“.

Af framangreindu er ljóst að X hefur verið reikul og í raun margsaga um veigamikil sönnunaratriði þessa máls. Af frásögn hennar er þannig óvíst hver hafi verið aðdragandi að samförum eða samræði ákærðu við hana, hvort ákærðu hafi staðið saman að slíku samræði eður ei, hvort ofbeldis eða aflsmunar hafi verið neytt og þá hvernig og hvort þeir hafi verið samtímis inni í svefnherberginu með henni. Þá hefur henni aldrei haldist á framburði um í hvaða röð ákærðu hafi haft samræði við hana. Án þess að dómurinn vilji halda því fram að ákærðu séu hlutlægt séð trúverðugir í frásögn sinni eða að stúlkan hafi á einhverjum tímamarki sagt vísitandi ósatt frá er einsætt að reikull vitnisburður hennar, sem erfitt er að henda reiður á, er haldlítill gegn neitun ákærðu og nánast samhljóða frásögn þeirra um málsatvik.

Ákæruvaldið byggir á því að ákærðu hafi í sameiningu neytt aðstöðu- og aflsmunar til að þröngva X til samræðis, hagnýtt sér að hún væri ein með þeim í íbúðinni og að hún hafi ekki átt sér undankomu auðið, án þess að geta stutt slíka fullyrðingu haldbærum rökum. Gegn eindreginni neitun ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi, sem er stöðug um öll þau atriði, sem máli skipta við álagningu dóms í málinu og hrekur fullyrðingar ákæruvaldsins um hið gagnstæða, sem væntanlega eru að nokkru byggðar á misvísandi vitnisburði X, þykir dómendum ljóst að slíkur vafi leiki á sök

ákærðu að óhjákvæmilegt sé að sýkna þá af ákæru.

XIII.

Samkvæmt greindum málsúrslitum og með vísan til 3. mgr. 172. gr. laganna um meðferð opinberra mála ber að vísa bótakröfu X frá dómi. Þá ber með vísan til 1. mgr. 166. gr. sömu laga að fella allan sakarkostnað á rikissjóð. Til þess kostnaðar teljast málsvarnarlaun Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða C, laun Herdísar Hallmarsdóttur héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða A og laun Guðrúnar Sesselju Arnardóttur héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða B, sem tóku störfum verjanda 30. maí 2006. Til sama kostnaðar telst þóknun Ásu Ólafsdóttur hæstaréttarlögmanns, réttargæslumanns X frá 26. maí þess árs. Með hliðsjón af fjölda fyrirtaka hjá lögreglu og fyrir dómi, samtals sjö mætingar hjá verjendum og fimm hjá réttargæslumanni, hvoru tveggja að meðtöldu dómþingi til dómsuppkvaðningar og eftirfylgni máls, sem og að teknu tilliti til eðli og umfangs þess og loks að virtu áætluðu vinnuframlagi sömu lögmanna, ekki síst vegna ákærðu, sem bornir hafa verið sökum í tæpt eitt ár, án þess að úr máli þeirra sé leyst, þykja málsvarnarlaun verjanda hvers um sig hæfilega ákveðin 745.008 krónur og þóknun réttargæslumanns 310.752 krónur, allt að teknu tilliti til virðisaukaskatts í dómsorði.

Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari sótti málið af hálfu ákæruvaldsins.

#### **DÓMSORÐ:**

Ákærðu, A, B og C, eru sýknir saka.

Bótakröfu X er vísað frá dómi.

Sakarkostnaður greiðist úr rikissjóði, þar með talin 745.008 króna málsvarnar-laun Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, verjanda ákærða C, sömu laun Herdísar Hallmarsdóttur héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða A og laun Guðrúnar Sesselju Arnardóttur héraðsdómslögmanns, verjanda ákærða B, sem og 310.752 króna þóknun Ásu Ólafsdóttur hæstaréttarlögmanns, réttargæslumanns X.

Jónas Jóhannsson

Eggert Óskarsson

Kristjana Jónsdóttir

Rétt endurrit staðfestir.

Skrifstofu Héraðsdóms Reykjavíkur, 15. maí 2007.